

## Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf. 2009

Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf., haldinn í Félagsheimilinu Hnitbjörgum á Raufarhöfn, 5. júní 2009, kl. 13:00.

Mættir voru fulltrúar frá 9 hluthöfum af 17, með 92,97% hluta á bak við sig: Norðurþing, Byggðastofnun, Þingeyjarsveit, Fræ ehf, Framsýn - stéttarfélag, Sparisjóður Þórshafnar, Skútustaðahreppur, Mannvit og Hótel Reyhlið. Auk þeirra starfsfólk AP og gestir.

1. Stjórnarformaður félagsins, Björn Ingimarsson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

### 2. Starfsmenn fundarins

Fyrir fundinum lá tillaga um fundarstjóra, Birnu Björnsdóttur, og fundarritara, Ara Pál Pálsson. Aðrar tillögur komu ekki fram og voru þau því sjálfkjörin til starfa.

### 3. Skýrsla stjórnar

Stjórnarformaður, Björn Ingimarsson fór yfir skýrslu stjórnar sem lögð var fram á fundinum og hvatti fólk til að kynna sér hana vel. Skýrslan er aðgengileg í heild sinni á vef félagsins: [www.atthing.is](http://www.atthing.is)

### 4. Reikningar félagsins fyrir árið 2008

Ársreikningur AP 2008 var lagður fyrir fulltrúa hluthafa á fundinum, áritaður af löggiltum endurskoðanda félagsins, PricewaterhouseCoopers hf. - Birni St. Haraldssyni.

Framkvæmdastjóri, Reinhard Reynisson fór yfir ársreikning félagsins fyrir 2008 og gerði grein fyrir einstökum liðum og helstu niðurstöðum. Vegna villu í skýringu 6 verður hluthöfum sent leiðrétt eintak af ársreikningi.

Helstu niðurstöður ársreiknings:

Rekstrartekjur .....	85.105.901
Rekstrargjöld .....	(82.989.091)
Fjármagnsliðir .....	(823.175)
Hagnaður ársins .....	1.293.635
Fastafjármunir .....	797.102
Veltufjármunir .....	4.990.889
Eigið fé .....	(7.276.452)
Skuldir .....	13.064.443
Niðurstaða efnahagsreiknings .....	5.787.991

Fram kom m.a. í máli framkvæmdastjóra að mikilvægt er að laga eiginfjárstöðu félagsins.

*Engar umræður urðu um skýrslu stjórnar og reikninga og var ársreikningurinn borinn upp og samþykktur samhljóða.*

### 6. Kosning stjórnar.

Fundarstjóri kynnti fyrirleggjandi tillögur:

Aðalstjórn:

Aðalsteinn Baldursson  
Birna Björnsdóttir  
Margrét Bjarnadóttir  
Pétur Snæbjörnsson  
Sigurgeir Höskuldsson

*Fleiri tillögur komu ekki fram og eru ofanrituð því sjálfkjörin í stjórn.*

Varastjórn:

Guðmundur Guðmundsson

Gunnólfur Lárusson

Tillagan gerir jafnframt ráð fyrir að Guðmundur, sem er fulltrúi Byggðastofnunar, hafi seturétt á öllum stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

*Fleiri tillögur komu ekki fram og eru ofanritaðir því sjálfkjörnir í varastjórn.*

### **7. Kosning endurskoðanda**

Fyrir fundinum lá tillaga um að löggiltur endurskoðandi félagsins verði kjörinn PricewaterhouseCoopers hf. – Björn St. Haraldsson, löggiltur endurskoðandi.

*Fleiri tillögur komu ekki fram og þessir aðilar því sjálfkjörnir.*

### **8. Ráðstöfun hagnaðar/taps.**

Vísað er til afgreiðslu ársreiknings þar sem hagnaði ársins er ráðstafað til hækkunar á eigin fé félagsins.

*Tillagan samþykkt samhljóða.*

### **9. Þóknun til stjórnarmanna og endurskoðanda**

Fyrir fundinum lá tillaga um að þóknun til stjórnarmanna fyrir liðið starfsár verði kr. 9.677,- fyrir hvern fund og formaður fái 50% álag á þá þóknun. Þóknun til endurskoðanda verður samkvæmt reikningi.

Formaður gerði grein fyrir aðdraganda og forsendum tillögunnar en á síðast aðalfundi kom fram gagnrýni frá stærsta hluthafa félagsins vegna óvenjulágrar þóknunar fyrir stjórnarstörf í félaginu. Sú tillaga sem nú liggur fyrir tekur mið af þóknunum fyrir nefndarsetu í svokölluðum öðrum nefndum hjá Norðurþingi.

*Tillagan var borin upp og hún samþykkt samhljóða.*

### **10. Önnur mál.**

- Sigurgeir Höskuldsson, varaformaður stjórnar sté í pontu og þakkaði fráfarandi formanni, Birni Ingimarssyni fyrir samstarfið og óskaði honum velfarnaðar í næstu verkefnum.
- Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri félagsins tók einnig til máls og þakkaði Birni fyrir ánægjulegt og gott samstarf fyrir sína hönd og starfsmanna félagsins.
- Fundarstjóri notaði tækifærið og þakkaði einnig samstarfið.

Fráfarandi stjórnarformaður þakkaði fyrir samstarfið við stjórn, starfsmenn og aðra samstarfsaðila og þar sem ekki voru önnur mál á dagskrá sleit hann fundi kl. 14:00

Að loknum stuttu kaffihléi var haldið áfram með dagskrá í tengslum við aðalfund.

### **Hvatningarverðlaun AÐ 2009**

Björn Ingimarsson lýsti ákvörðun stjórnar AÐ um hvatningarverðlaun 2009 og voru þau að þessu sinni afhent Erlingi B. Thoroddssyni f.h. Hótel Norðurljósa „ ... fyrir eftirtektarverðan árangur í rekstri ferðaþjónustu og óbilandi frumkvæði að nýsköpun sem nýtast mun svæðinu sem aðráttarafl fyrir ferðamenn um ókomin ár. “

## Málþing - Hefðbundnar atvinnugreinar og tækifæri framtíðar

Flutt voru fjögur framsöguerindi:

**Ferðaþjónusta** – *Hörður Sigurbjarnarson*, framkvæmdastjóri Norðursiglingar gerði grein fyrir uppbyggingu fyrirtækisins og áherslu þess á þróun strandmenningarhugtaksins. Sagði hann m.a. frá fyrirhugaðri seglskipahátíð á Húsavík – *Sail Húsavík 2011* - sem fyrirtækið stendur að í samvinnu við fleiri aðila. Þá gerði hann að umtalsefni möguleika ferðaþjónustunnar, ekki síst á þessu svæði, til verðmætasköpunar og gjaldeyrisöflunar og nauðsyn þess að stjórnvöld kæmu að því að gera nýtingu þessarar auðlindar mögulega með uppbyggingu nauðsynlegrar grunngerðar í samgöngumálum.

**Landbúnaður** – *Björn Víkingur Björnsson*, framkvæmdastjóri Fjallalambss fjallaði um sóknarfæri innlendrar landbúnaðarframleiðslu og útflutningsmöguleika. Sagði hann m.a. frá útflutningsverkefni sem fyrirtækið hefur staðið að til Svíþjóðar síðan í haust sem gefið hefur góða raun. Er framleiðslan seld þar undir merkjum fyrirtækisins og taldi Björn það afar mikilvægt að fyrirtæki gætu flutt sig milli markaða ef aðstæður breyttust til hins verra á einum. Þá sagði hann frá vöruþróunarverkefnum sem unnin eru í samstafi við IMPRU og upprunamerkingum í framleiðslu fyrirtækisins. Að lokum vék hann að hugmyndum um stórbúrekstur á Langanesströnd - svokölluðu Strandabúi – sem honum leist vel á.

**Sjávarútvegur** – *Áki Guðmundsson*, framkvæmdastjóri Halldórs fiskvinnslu rakti þróun fiskveiðistjórnunarkerfisins og hvernig breytingar á því í gegnum tíðina hefðu komið við fyrirtæki og byggðarlög sem byggja sitt á nýtingu auðlindarinnar. Lagðist hann mjög gegn hugmyndum um svokallaða fyrningarleið í sjávarútvegi og taldi að með því væri verið að refsa þeim sem keypt hefðu veiðiheimildir af þeim sem hætt hefðu í greininni. Með þessu væri verið að opna á það að þeir hinir sömu gætu aftur komið inní greinina í ósanngjarnri samkeppni við þá sem skuldbætt hefðu sig vegna kaupa á veiðiheimildum.

**Olíuleit og vinnsla** – *Kristinn Pétursson*, fyrrverandi verkefnisstjóri Drekasvæðisins ehf. gerði grein fyrir undirbúningsvinnu og staðarvalsathugunum sem gerðar hafa verið vegna olíuleitar og hugsanlegrar olíuvinnslu á Drekasvæðinu. Fram kom í máli hans að Vopnafjörður er talinn henta best sem þjónustuhöfn á leitarstigi vegna dýpis í höf og fjarlægðar frá leitar svæði. Byggir það m.a. á því að unnt er að þjónusta slíka starfsemi þar á n þess að ráðast í miklar fjárfestingar í hafnarmannvirkjum. Komi til þess að olía og gas finnist í vinnanlegi magni eru aðstæður í Gunnólfsvík til uppbyggingar nauðsynlegrar hafnaraðstöðu með tilheyrandi upplandi einstaklega góðar. Aðdýpi er mikið, skjól gott og landrymi nægjanlegt.

Að loknum framsögum beindu gestir fyrirspurnum til framsögumanna og spunnust umræður um efni erindanna þar sem menn skiptust á skoðunum. Til máls tóku Björn Ingimarsson, Aðalsteinn Á. Baldursson, Sigurður Ragnar Kristinsson og Einar Sigurðsson.

Fundarstjóri þakkaði að lokum framsögumönnum fyrir góð erindi og viðstöddum líflega þátttöku í málþinginu og sagði því slitið kl. 16:15.